

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 132/2018

2021/EES/13/10

frá 6. júlí 2018

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/70 frá 16. janúar 2018 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir ametóktadín, klórþýrifosmetýl, sýprókónasól, dífenókónasól, flúasínám, flútríafól, próhexadíón og natríumklóríd í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/73 frá 16. janúar 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir kvikasilfurssambönd í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/78 frá 16. janúar 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 2-fenýlfenól, bensúlfúrónmetýl, dímetaklór og lúfenúrón í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „— **32018 R 0070:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/70 frá 16. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 24),
- **32018 R 0073:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/73 frá 16. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 13, 18.1.2018, bls. 8),
- **32018 R 0078:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/78 frá 16. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 14, 19.1.2018, bls. 6).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 13, 18.1.2018, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 14, 19.1.2018, bls. 6.

- „– **32018 R 0070:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/70 frá 16. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 24),
- **32018 R 0073:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/73 frá 16. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 13, 18.1.2018, bls. 8),
- **32018 R 0078:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/78 frá 16. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 14, 19.1.2018, bls. 6).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2018/70, (ESB) 2018/73 og (ESB) 2018/78, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.